

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 2. júní 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar 1995/1996.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða á tímabilinu frá og með 1. júlí 1995 til 1. maí 1996.

2. gr.

Aðeins skipum, sem aflamark hafa í loðnu, er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávar afla.

3. gr.

Veiðar eru heimilaðar í lögsögu Íslands, Grænlands og Jan Mayen með eftirfarandi takmörkunum:

A. Veiðar í lögsögu Grænlands eru bannaðar sunnan 64°30'N

B. Til 1. desember 1995 eru veiðar bannaðar vestan 19°V, sunnan línu, sem dregin er um eftirfarandi punkta:

1. 67°45'N - 19°00'V
2. 67°45'N - 22°00'V
3. 66°00'N - 27°00'V

4. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal, þegar skipið siglir inn í fiskveiðilögsögu Jan Mayen eða Grænlands, tilkynna staðsetningu skipsins hlutaðeigandi aðilum, samkvæmt leiðbeiningum ráðuneytisins þar að lútandi. Ennfremur um loðnuafra, sem veiddur er í lögsögu Grænlands og Jan Mayen.

5. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal í skeyti tilkynna áætlaðan loðnuafra til veiðieftirlits Fiskistofu, strax þegar skip heldur til lands til löndunar afla. Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem afli er fenginn. Geta skal sérstaklega í aflatilkynningu ef afli er fenginn í lögsögu Grænlands eða Jan Mayen verði það ekki greint á uppgefnum reiti.

6. gr.

Rangar upplýsingar um aflamagn varða sviptingu veiðileyfis.

7. gr.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þygi ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið, að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

8. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuafli fiskiskips. Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðenda.

9. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smáloðnu í kasti, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nóttinni að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

10. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm blandaðan smáloðnu til hafnar og er þá kaupanda aflans skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 8. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal kaupandi aflans gera veiðieftirliti Fiskistofu aðvart.

11. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot á viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða

Á loðnuvertíðinni 1995/1996, sbr. 1. gr., er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða 536.000 lestir af loðnu.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. júní 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.